



## Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

### FUNDUR - 20. júní 2005

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 70. fundar mánudaginn 20. júní 2005 kl. 17:00 á bæjarskrifstofu. Varaforseti bæjarstjórnar, Þórdís Hjálmarsdóttir setti fundinn og stjórnaði honum.  
Mætt eru undirrituð.

#### Dagskrá:

1. Fundargerð bæjarráðs frá 9. júní.
2. Fundargerð bæjarráðs frá 13. júní.
3. Fundargerð fræðslu,- íþrótt- og tómstundanefnd frá 14. júní.
4. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 14. júní.
5. Ákvörðun um sumarfrí bæjarstjórnar Blönduóssbæjar.

Forseti bar upp tillögu um að upp verði tekinn liðurinn önnur mál, fundurinn samþykkti það.

#### Afgreiðslur:

1. Fundargerð bæjarráðs, 125 fundar í 7 liðum frá 9. júní sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Að umræðum loknum bar varaforseti fundargerðina upp, hún var samþykkt með 6 atkvæðum. Einn sat hjá.
2. Fundargerð 126 fundar bæjarráðs í 2 liðum frá 13. júní sl.. Fundargerðin var tekin fyrir og afgreidd á fundi bæjarstjórnar 13. júní sl.
3. Fundargerð fræðslu,- íþrótt- og tómstundanefndar í 2 liðum frá 14. júní sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin undir atkvæði, hún var samþykkt með 6 atkvæðum. Einn sat hjá.
4. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar í 7 liðum frá 14. júní sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin undir atkvæði, hún var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða. Einn sat hjá.
5. Ákvörðun um sumarfrí bæjarstjórnar Blönduóssbæjar. Svohljóðandi tillaga lögð fram. *“Bæjarstjórn Blönduóssbæjar samþykkir að síðasti fundur bæjarstjórnar fyrir sumarfrí verði í dag, 20. júní og að fyrsti fundur að sumarfrí loknu verði 23. ágúst 2005. Bæjarráði verði falin fullnaðar afgreiðsla mála meðan á sumarfrí bæjarstjórnar stendur, í samræmi við samþykktir bæjarins”.* Tillagan borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

Í lok fundar voru Hjördísi Blöndal þökkuð góð störf í bæjarstjórn, en hún er að flytja frá Blönduósi.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:10.

Þórdís Hjálmarsdóttir  
Jóna Fanney Friðriksdóttir  
Hjördís Blöndal  
Jóhanna G. Jónasdóttir  
Ágúst Þór Bragason  
Valdimar Guðmannsson  
Ágúst Sigurðsson

Ragnar Ingi Tómasson